

FRÉTTATILKYNNING

21. desember 1999

Kaup Grænmetis ehf. á hlutabréfum í Ágæti hf.

Samkeppnisráð hefur úrskurðað (Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 44/1999), að miðað við þau gögn sem lögð hafa verið fram vegna kaupa Grænmetis ehf. á hlutabréfum í Ágæti hf., sé ekki ástæða til afskipta samkeppnisyfivalda vegna kaupanna. Í ákvörðun ráðsins er tekið fram að breytist þær forsendur sem ákvörðunin byggir á, verði málið tekið til meðferðar á ný.

Í nóvember sl. keypi Þórhallur Bjarnason garðyrkjubóndi, og fyrirtæki hans Grænmeti ehf., 95% hlut í grænmetisdreifingunni Ágæti hf. af Búnaðarbankanum. Fyrr á þessu ári hafði Sölufélag garðyrkjumanna svf. haft frumkvæði að því að hluthafar í Ágæti seldu hluti sína í fyrirtækinu til Búnaðarbankans og hafði Sölufélagið jafnframt gert samning við bankann um að Sölufélagið myndi kaupa öll bréfin af bankanum í lok sumars. Ekkert varð af þeim kaupum þar sem bankinn mat það svo að kaup Sölufélagsins á Ágæti kynnu að stríða gegn samrunareglum samkeppnislaga. Hins vegar keypti Þórhallur Bjarnason, garðyrkjubóndi og fyrrverandi stjórnarmaður í Sölufélagi garðyrkjumanna, hlutabréfin af bankanum í gegnum einkahlutafélag sitt Grænmeti.

Samkeppnisstofnun tók málið til skoðunar og með vísan til forsögu málsins var kannað hvort Sölufélagið eða önnur fyrirtæki á grænmetismarkaði hefðu á einhvern hátt komið að kaupum hlutabréfanna af Búnaðarbankanum og hvort þannig gæti verið um að ræða sameiningu fyrirtækja á þeim markaði. Í þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir samkeppnisyfivöld og í skýrslum aðila málsins kemur fram að hvorki Sölufélagið né önnur fyrirtæki á grænmetismarkaði hafi komið að kaupunum. Í ljósi þessa og með hliðsjón af því að Grænmeti ehf. hefur ekki haft með höndum neina starfsemi er það mat samkeppnisráðs að ekki sé ástæða til afskipta á grundvelli samkeppnislaga vegna kaupanna. Tveir meðlimir samkeppnisráðs létu þó eftirfarandi bókun fylgja ákvörðuninni: „Af gögnum málsins teljum við ástæðu til að ætla að SFG, Búnaðarbankinn og Þórhallur Bjarnason hafi haft með sér samráð til þess að tryggja að SFG öðlist innan tíðar yfirráð yfir Ágæti. Jafnframt hafi þessir aðilar komið í veg fyrir að önnur fyrirtæki gætu eignast Ágæti. Við greiðum því ekki atkvæði.“

Í lok september sl. hóf Samkeppnisstofnun rannsókn vegna gruns um ólögmætt samráð milli fyrirtækja á grænmetismarkaði og er þeirri rannsókn ólokið.